

## 13. Mat á starfinu

Samkvæmt *Lögum um leikskóla* nr. 90/2008 ber sérhverjum leikskóla að móta aðferðir til að meta uppeldisstarfið, stjórnunarhætti og samskipti innan leikskólans sem og utan. Mat á leikskólastarfi er skipt í innra mat og ytra mat. Innra mat er framkvæmt af starfsmönnum og foreldrum leikskólans en ytra mat af Sveitarfélaginu eða Menntamálaráðuneytinu.

Mat á leikskólastarfi er liður í þróun og vexti leikskólans og tengist markmiðum hans og áætlunum. Einstakir starfsmenn leikskólans geta borið sérstaka ábyrgð á matsvinnunni þ.e. skipulagningu, skýrslugerð og eftirfylgni. Það er afgerandi fyrir allt ferlið að allir starfsmenn leikskólans komi að vinnunni á einn eða annan hátt.

### 13.1. Innra mat

Í leikskólanum Tröllaborg er lögð áhersla á að meta alla þætti skólastarfsins kerfisbundið. Matið er unnið skv. skoskri sjálfsmatsaðferð sem kallast *How good is our early learning and childcare?* og gefin var út í Skotlandi árið 2016. Starfsmenn Fræðsluþjónustu Skagafjarðar þýddu aðferðina yfir á íslensku og nefnist hún *Hversu góður er leikskólinn okkar?* Íslenska þýðingin var gefin út í september 2017. Innleiðing á aðferðinni hófst á haustþingi starfsmanna leikskóla í Skagafirði í byrjun október 2017. Um árabíl notaði skólinn matsaðferðina *Barnið í brennidepli* sem var forveri þessarar nýju útgáfu en byggir á sömu hugmyndafræði.

Matsaðferðin er bæði samstarfsmiðuð og umbótamiðuð. Í sjálfsmati er tekið mið af markmiðum og stefnu leikskólans og lýsingu á leiðum til að ná þeim. Gert er ráð fyrir þátttöku allra starfsmanna í matinu eftir því sem við á. Sjálfsmatið er aðgengilegt á heimasíðu leikskólans í gagnabankanum. Hægt að kynna sér það betur [hér](#).

## **13.2. Skólapúlsinn**

Foreldrakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir í fyrsta skipti í leikskólanum Tröllaborg í mars 2017 og starfsmannakönnun í febrúar 2018. Allir leikskólarnir þrír í Sveitarfélaginu Skagafirði eru nú þátttakendur í Skólapúlsinum auk grunnskólanna í Skagafirði. Vefkerfi Skólapúlsins hýsir bæði verkefni Skólapúlsins og verkefni Skólavogarinnar. Skólavogin er tæki sem mörg sveitarfélög nýta, þ.á.m. Sveitarfélagið Skagafjörður. Kerfið heldur m.a. utan um ýmsar rekstrarupplýsingar um skólastarfið og skilar m.a. samanburði á viðhorfi foreldra/forsjáraðila og starfsmanna í leikskólum við aðra leikskóla landsins í gegnum kannanir Skólapúlsins. Á vef Skólapúlsins má nálgast nánari upplýsingar um aðferðafræðilegar aðferðir vefkerfisins, sjá [hér](#)

## **13.3. Ytra mat**

Sveitafélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um úrbætur. Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.

Menntamálaráðuneytið annast greiningu og miðlun upplýsinga um starf leikskóla á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum.

